

Haldið er dómþing áfrýjunardómstóls Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) miðvikudaginn 7. apríl 2021.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2020 - 2021

Adomas Drungilas, leikmaður Þórs Þorlákshafnar

gegn

Dómaranefnd KKÍ / Aga- og
úrskurðarnefnd KKÍ

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta var mótttekið af hálfu áfrýjunardómstólnum þann 29. mars 2021. Kærandi er skv. kæru Adomas Drungilas sem nefndur er leikmaður Þórs Þorlákshafnar án frekari tilgreiningar.

Ekki er tilgreint með skýrum hætti hvað sé verið að kæra en lesa má af fyrirsögn kæru að kærður sé úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KKÍ í agamáli nr. 38/2020-2021, dags. 24. mars 2021.

Kærðu er dómaranefnd KKÍ og aga- og úrskurðarnefnd KKÍ án frekari tilgreiningar.

II.

Niðurstaða

Í ákvæði 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól segir að „[m]álsmeðferðarreglur sem fram koma í kafla um málsmeðferðarreglur í reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarmál skulu gilda um áfrýjunardómstól KKÍ eftir því sem við á.“ Í ákvæði 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd segir að „[m]ál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu KKÍ og á kærandi rétt á staðfestingu á móttöku. Áður en málið er lagt fyrir næsta fund skal formaður

nefndarinnar taka afstöðu hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði.“

Í hinum kærða úrskurði var kærandi gert að sæta tveggja leikja banni á grundvelli ákvæði j. liðar, sbr. c. liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.

Í ákvæði 5. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól segir: „Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar KKÍ í agamálum ekki áfrýjað til áfrýjunardómstóls KKÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum: a) Úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KKÍ um fjögurra leikja leikbann eða þyngri refsingu. b) Úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KKÍ um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en 25.000. c) Úrskurði nefndarinnar á grundvelli greinar 13, lið i) í reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarmál. d) Úrskurði nefndarinnar um heimaleikjabann.“

Í kæru kæranda kemur fram að „[e]kkert girðir fyrir það að áfrýjunardómstóll KKÍ taki málið til meðferðar þrátt fyrir að meginreglan sem kemur fram í 5. gr. sé sú að almennt þurfi ákveðin undantekningartilvik að vera fyrir hendi. Hafi tilgangur ákvæðisins verið að heimila aðeins áfrýjunardómstólnum að taka til meðferðar þau mál sem sérstaklega eru tiltekin hefði orðalag ákvæðisins verið með skýrari og afdráttarlausari hætti og þeim fyrirvara sem kemur fram í ákvæðinu um að „almennt verði úrskurðum“ ekki áfrýjað verið sleppt. Í ljósi þess, hve gríðarlega íþyngjandi úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KKÍ í agamáli 38/2020-2021 er, telur Körfuknattleiksdeild Þórs Þorlákshafnar, fyrir hönd Adomas Drungilas, sérlega mikilvægt að áfrýjunardómstóllinn taki málið til efnislegrar meðferðar.“

Ákvæði 5. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól segir skýrum orðum að almennt verði úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum ekki áfrýjað til áfrýjunardómstóls KKÍ nema í ákveðnum undantekningartilfellum. Þar er sérstaklega tiltekið að úrskurðum um fjögurra leikja leikbann eða þyngri refsingu sé heimilt að áfrýja. Er þetta því skýr meginregla og undantekningar frá henni aðeins skýrðar þröngt. Rök kæranda fyrir því að heimilt sé að gera undantekningu, og þar með heimilt að áfrýja, eru þau hve gríðarlega íþyngjandi úrskurðurinn er og sérlega mikilvægt að áfrýjunardómstóllinn taki málið til efnislegrar meðferðar.

Leikbann er almennt íþyngjandi og því ekki rök fyrir undantekningu. Ekki verður séð að þetta mál sé sérlega mikilvægt umfram önnur. Önnur sjónarmið í kæru breyta þessu mati ekki. Með vísan til framangreinds brestur heimild til áfrýjunar. Því er kæru þessari vísað frá dómi.

ÚRSKURÐARORÐ

Kæru Adomas Drungilas, dagsett 27. mars 2021, til áfrýjunardómstóls Korfuknattleikssambands Íslands, vegna úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar í agamáli nr. 38/2020-2021, er vísað frá.

Bórólfur Heiðar Þorsteinsson
formaður

Ingimar Ingason

Sveinbjörn Claessen

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal í kjölfarið birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól.

Dómur áfrýjunardómstóls KKÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSí þeim málum áfrýjunardómstóls KKÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild, sbr. 6. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól.